



Byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. september 2026

Efni: Ítrekun - vottorð um öryggisúttekt á Stuðlum.

Umboðsmaður barna vísar til bréfs embættisins til byggingarfulltrúa Reykjavíkur, dags. 19. ágúst sl., vegna öryggisúttektar á mannvirkinu að Fossaleyni 17, þar sem Stuðlar, meðferðarheimili fyrir börn, er til húsa. Í bréfinu var óskað eftir nánari upplýsingum um ákvörðun um að heimila áframhaldandi notkun mannvirkisins með bráðabirgðaráðstöfunum, þrátt fyrir að vottorð um öryggisúttekt hefði ekki verið gefið út. Meðal annars var óskað eftir upplýsingum um lagagrundvöll ákvörðunarinnar, hvaða mat á öryggi mannvirkisins lá til grundvallar, þær bráðabirgðaráðstafanir sem settar voru sem skilyrði fyrir áframhaldandi notkun og hvernig fylgst hefði verið með framkvæmd þeirra. Þá var óskað eftir upplýsingum um stöðu úrbóta og hvenær áætlað væri að unnt yrði að gefa út vottorð um öryggisúttekt.

Þess var óskað að svör bærust fyrir 2. september sl. Umboðsmaður barna ítrekaði erindið með tölvupósti þann 3. september sl., en svör hafa enn ekki borist.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Umboðsmaður barna ítrekar því erindið á ný og óskar þess að svör berist embættinu án frekari dráttar.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna